

Klæðningar í flokki 2

Í Byggingarreglugerð nr. 441 /1998, gr. 149.1 segir:

Klæðning í flokki 2.

149.1 *Klæðning í flokki 2 skal uppfylla skilyrði ÍST EN 13501-1 um flokkunina K10 D-s2,d0. Þau eru helst:*

- a. *Klæðningin í heild sinni eða ysta yfirborð hennar skal hafa sömu brunaeiginleika og byggingarefni í flokki D-s2,d0, sbr. c. lið gr. 147.1.*
- b. *Klæðningin skal vera nægilega þykk til að hindra íkvikun í brennanlegu efni á bak við klæðninguna í a.m.k. 10 mínútur.*

149.2 *Brunamálastofnun setur nánari reglur eða skilyrði um lágmarksþykkt klæðningar í flokki 2 með hliðsjón af brunaeiginleikum undirlags og því hvort holrúm er á bak við klæðninguna.*

Dæmi um klæðningar í flokki 2:

- a. Spónaplötur, rúmþyngd a.m.k. 600 kg/m³, a.m.k. 12 mm þykkar.
- b. Trétrefjaplötur (harðtex), rúmþyngd a.m.k. 800 kg/m³, a.m.k. 11 mm þykkar.
- c. Byggingakrossviður (birki, fura, greni) a.m.k. 9 mm þykkur.
- d. Nótaður furu- eða grenipanell, a.m.k. 15 mm þykkur.

Þegar um plötur er að ræða, þá skal hámarksbil á milli uppistaða (naglaraða) vera 600 mm, en 1000 mm fyrir klæðningu úr borðum, sjá nánar á leiðbeiningablaði 153.2 BR2.

Ganga má út frá því, að byggingahlutir, sem í heild eru úr ofangreindum efnum, hafi yfirborðseiginleika klæðninga í flokki 2, og það eins þótt efnisþykkt sé meiri en hér er tilgreint. Sama gildir um önnur efni í flokki Ds2,d0.

Þótt krafist sé klæðningar í flokki 2 má nota ofangreind efni í minni þykktum, ef klæðning liggur þétt að A eða B byggingahluta, eða að klæðningu í flokki 1 eða 2. Heildarþykkt skal ekki vera minni en að ofan greinir. Festing skal vera brunatæknilega örugg.

Lagskipt klæðning telst vera í flokki 2, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a. Efni skulu vera í B-s2,d0 eða D-s2,d0-flokki.
- b. Eitt lagið skal vera a.m.k. 3 mm þykk plata.
- c. Lögin skulu vera fast samsett í brunatæknilegum skilningi.
- d. Klæðning skal vera 15 mm þykk, hið minnsta, ef á bak við hana eru holrúm, en 9 mm þykk a.m.k., ef hún fellur þétt að undirlagi, án holrúma.

Rása má klæðningar í flokki 2, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a. Rásir mega í hæsta lagi auka yfirborð klæðningar um 25 %.

- b. Rásir mega hvergi þynna klæðningu meira en svo, að minnsta þykkt borðaklæðningar sé 15 mm, ef klætt er yfir holrúm, en 9 mm, ef hún fellur þétt að undirlagi, án holrúma. Samsvarandi lágmarksþykkir fyrir plötur eru 9 og 7.5 mm.